# Borðspil – Safna formum

## Efni:

- Þykkt pappaspjald skorið í stærð A2
- Litað karton í stærð A2
- Skæri
- Plast og plöstunarvél
- Lím
- Bókaplast
- Karfa undir lausu spjöldin
- Teningur og spilakarlar

## Aðferð:

- Litaða kartonið límt á pappaspjaldið
- Lausu formin prentuð út á litað karton (eitt form – einn litur) og klippt. Mæli með að klippa a.m.k. þrisvar sinnum hverja blaðsíðu með lausu formunum. Hluti formanna er límdur á stóra spjaldið ásamt Byrja og Endareitunum en rest er plastað í plöstunarvél og klippt aftur. Stóra spjaldið plastað með bókaplasti.

## Spilið:

- Passlegt spil fyrir 2-4 leikmenn
- Skipst er á að kasta teningnum og spilakarlinn færður áfram jafnmarga reiti og teningurinn segir. Á þeim reit sem er stoppað í hvert sinn er samsvarandi form tekið og sett til hliðar
- Krakkarnir ákveða sjálfir hvort spilið endar þegar sá fyrsti kemur á leiðarenda eða þegar allir hafa klárað
- Þegar krakkarnir hafa ákveðið að spilinu sé lokið fara þau að flokka sín form, telja hvert fyrir sig og bera saman fjöldann hjá sér og hinum. Af hvaða formi fékk ég mest – minnst? Fékk ég jafnmikið af einhverju formi? Fékk ég öll formin eða voru einhver form sem ég fékk ekkert af? Hvað fengu hinir af sínum formum. Í þessu spili skapast oft mikil umræða hjá krökkunum og sum raða formunum upp í n.k. súlurit eftir fjölda.
- Er hægt að búa til einhverjar myndir úr formunum?



paxel123.com – Anna Margrét Ólafsdóttir







**paxel123.com – Anna Margrét Ólafsdóttir**

Byrja

Enda